Starfamessa 2019 – lokaskýrsla

Framgangur verkefnis

Miðvikudaginn 10. apríl var haldin í þriðja skiptið Starfamessa á Selfossi, áhersluverkefni sóknaráætlunar Suðurlands á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) í samstarfi við Atorku – samtök atvinnurekenda á Suðurlandi og Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Markmið verkefnisins er að kynna fyrir 9. og 10. bekkjum grunnskólanna og 1. og 2. bekk framhaldsskólanna á Suðurlandi nám og störf í verk-, tækni- og iðngreinum sem í boði eru á svæðinu til þess að auka áhuga og þátttöku nemenda í þeim greinum.

Við upphaf verkefnisins var ákveðið að komin væri tími til þess að setja upp heimasíðu til þess að miðla upplýsingum til nýrra kynnenda og gesta, sem og til þess að halda utanum framgang, myndir og annað sem gott er að fletta upp.

Líkt og áður var öllum fyrrgreindum nemendum á Suðurlandi boðið til messunnar og var þátttaka þeirra svipuð og 2017 auk þess sem 10. bekkur Vestmannaeyja bættist við. Hins vegar urðu nemendur Menntaskólans við Laugarvatn að sitja hjá að þessu sinni sökum mikilla anna rétt fyrir páska.

Við mótun verkefnisins var ákveðið að komin væri tími til þess að meta árangur þess með könnunum sem lagðar voru fyrir strax eftir messuna. Um tvo hópa er að ræða, annarsvegar kynnendur þ.e. fyrirtæki og framhaldsskóla sem kynntu störf og nám, og hinsvegar aðstandendur grunnskólanna þ.e. það starfsfólk sem kom að messunni, bæði náms- og starfsráðgjafar sem og þeir kennarar sem höfðu umsjón með nemendum. Ágæt svörun fékkst meðal kynnendanna en síðri meðal grunnskólanna og fylgir könnunin skýrslunni. Í könnuninni var gert ráð fyrir opnum svörum um bæði kosti og galla messunnar og voru niðurstöður hennar einstaklega jákvæðar og gefa verkefninu mikinn meðbyr inn í framtíðina. Ýmsar ábendingar komu þó fram sem vert er að skoða fyrir næstu messu, ef af verður, líkt og gert var við undirbúning þessarar messu með punktum frá messunni 2017.

Sé horft á messudaginn sjálfan var það einróma upplifun aðstandenda messunnar að bæði kynnendur og gestir hafi líkt og áður haft gagn og gaman að viðburðinum og rímar það við niðurstöður könnunarinnar.

Helstu punktar frá Starfamessunni 2017 og úrvinnsla þeirra fyrir Starfamessuna 2019

Við uppgjör messunnar 2017 komu fram nokkrir punktar sem horft var til við undirbúning messunnar 2019

- Nauðsynlegt er að halda svona messu aftur – það tekur nokkur skipti ef safna á gögnum svo hægt sé að mæla árangur. Svona verkefni ættu alltaf að vera hugsuð til lengri tíma
    - Ákveðið var að spyrja sérstaklega að því í könnuninni hvort kynnendum og aðstandendum skólanna fyndist ástæða til þess að halda áfram með messurnar.
- Enn má bæta í forvinnu skóla og fyrirtækja og efla það samtal enn frekar
    - Farið var í það að hitta náms- og starfsráðgjafana sérstaklega þar sem verkefni á borð við stafakynningar eru á þeirra könnu. Sá hópur tilnefndi tvo tengiliði við verkefnastjóra sem áttu í framhaldi mikið og gott samstarf.
- Vinna enn áhugaverðari nemendaverkefni á staðnum – helst í samstarfi við fyrirtækin

    - Ákveðið var að fara í samstarf við íslenska netleikjafyrirtækið Locatify um að þróa rafrænan netleik fyrir nemendur sem hafði það markmið að leiða þá í gegnum messuna. Atorka veitti svo stigahæstu liðunum vegleg verðlaun.
- Finna leið til þess að hafa alla kynnendur undir sama þaki og helst þannig að starfsgreinarnar geti kynnt sig í sínu „náttúrulega umhverfi“ innan verkgreinastofa í Hamri
    - Messan var að þessu sinni eingöngu haldin í Hamri og gafst það fyrirkomulag einstaklega vel að flestra mati.
- Skoða hvort „skóla slottin“ mættu styttast – úr 2klst í 1,5klst
    - Ákveðið var að halda „slottunum“ áfram í 2klst enda nóg að skoða.
- Skoða hvort aðrar dagsetningar henti betur – annar tími ársins. Þetta þarf að skoðast samhliða skóladagatölum grunnskólanna og Íslandsmeistarakeppni iðngreinanna ásamt örðum þáttum
    - Ákveðið var að hafa messuna mánuði seinna en Íslandsmeistarakeppni iðngreina í Reykjavík og var það til heilla. Verkefnastjóri leggur það hinsvegar til að ef messan verði haldin aftur verði hún færð til þannig að hún stangist ekki á við áðurnefnda Íslandmeistarakeppni og yrði því haldin næst árið 2022. Sú tillaga byggir meðal annars á niðurstöðum úr áðurnefndri könnun þar sem spurt var út í þennan þátt.
- Nýta samfélagsmiðla ef messan verður opin almenningi á sama tíma og nemendum er boðið
    - Ákveðið var að bjóða foreldrum og almenningi að koma á messuna milli kl.14 og 16 á messudegi og var það gert með bæði net- og prentauglýsingum. Það bar takmarkaðan árangur og því þarf að hugsa þann þátt aftur sérstaklega þar sem niðurstöður svara um þennan þátt í könnuninni sýndu að um 50% fannst það skipta miklu eða mjög miklu að fá foreldra og almenning á messuna.

Samstarf við kynnendur

Á messunni 2019 voru rúmlega 50 kynnendur sem kynntu náms- og starfsleiðir í iðn-, verk- og tæknigreinum en hugmyndafræðin sem unnið er með gengur út á að nemendurnir hitti bæði forsvarmenn starfsgreinanna sem og aðstandendur námsins á bak við þær greinar. Þannig öðlast þeir innsýn í ferlið allt frá námi og inn í fyrirtækin sem þar sem störfin eru unnin.
Auk þeirra starfsgreina og fyrirtækja sem kynntu sig á messunni var mjög góð þátttaka þeirra skóla sem kenna greinarnar svo sem Tækniskólinn, Keilir, Garðyrkjudeild LBHÍ, Hótel og matvælaskóli MK auk Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Eins og áður hefur komið fram var ákveðið að hafa Starfamessuna eingöngu í nýju verknámshúsi Hamars. Var það gert vegna ákalls kynnenda frá síðustu messu um að geta verið í „sínu rétta umhverfi“ þar sem því væri við komið, þ.e. að rafmagnsfyrirtækin stilltu sér upp inni í því rými sem rafmagnsfræðin er kennd, byggingarfyrirtækin á smíðaverkstæðinu og svo framvegis. Það er mat skipuleggjenda að sú ákvörðun hafi verið rétt og nutu kynnendur sín upp til hópa vel í því umhverfi.

Árangursmælikvarðar meðal kynnenda

Líkt og getið er hér að framan þá fengu kynnendur senda til sín könnun um upplifun sína á messunni þar sem þeir höfðu jafnframt gott tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Könnunin sýndi það skýrt að kynnendum finnst messan skipta máli þar sem 68% svarenda telja að hún hafi leitt til aukinnar aðsóknar í iðn-, verk- og tækninám og 93% sögðust myndu taka þátt aftur ef hún yrði haldin í fjórða skipti (sjá tölur í könnun).

Jafnframt var ákveðið að bjóða kynnendum á málþing um stöðu og framtíð iðn,- verk- og tæknigreina þar sem fjallað var um hvar við erum og hvert við stefnum. Þar höfðu kynnendur tækifæri til þess að

viðra sínar skoðanir og eiga samtal um stöðu og framtíð greinanna. Málþingið var vel sótt en því verða gerð sérstök skil í lokaskýrslu þess verkefnis. Við lok málþingsins var haldið formlegt „Starfamessu slútt“ sem markaði lok verkefnisins sem hér um ræðir.

Samstarf við grunn- og framhaldsskóla

Líkt og síðast var mikil áhersla lögð á að eiga í miklu og góðu samstarfi við skólana og þá sérstaklega grunnskólana og var gott að geta byggt á því starfi sem þegar hafði verið unnið. Til þess að auka samstarfið enn frekar var ákveðið að boða til fundar með öllum náms- og starfsráðgjöfunum á Suðurlandi til þess að fá þá til liðs við okkur sem tengiliði við grunnskólana enda oft erfitt að ná eyrum kennara og skólastjórnenda í erilsömu amstri dagsins. Sú ráðstöfun gafst vel og hún, auk áframhaldandi tengingar við kennara og stjórnendur, gerði það að verkum að fleiri fundu til eignarhalds á verkefninu. Þessi tenging varð jafnframt til þess að náms- og starfsráðgjafarnir unnu markvisst með starfamessuna í starfakynningum innan sinna skóla.

Á fyrri starfamessum hafa nemendur farið í gegnum rýmið með ratleik sem leiðir þá á milli starfsgreina og námsleiða. Þessir ratleikir hafa hingað til verið í formi spurninga á blaði sem nemendur hafa fengið hjá kennurunum sínum fyrir komuna á messuna og skilað þeim jafnframt til þeirra aftur. Spurningarnar hafa þó alfarið verið samdar af aðstandendum messunnar með upplýsingum frá kynnendum. Að þessu sinni var ákveðið að „uppfæra“ ratleikinn og var fyrirtækið Locatify www.locatify.com fengið til samstarfs en það fyrirtæki sérhæfir sig í rafrænum ratleikjum. Nemendur fengu því ratleik til niðurhals þegar þau mættu á svæðið og áttu að svara spurningum eða vinna verkefni tengd öllum kynnendum á svæðinu. Fyrir verkefnin fengu þau stig og unnu stigahæstu liðin til verðlauna í boði Atorku. Þessi nýjung gafst einstaklega vel eins og fram kemur í könnuninni, og höfðu nemendur gagn og gaman af enda upp til hópa mjög tæknilæs og því handgegin slíku formi.

Eins og fram kom í skýrslunni eftir Starfamessuna 2017 var ákveðið að gera sérstakt átak í að fá foreldra til þess að koma á messuna og kynna sér það sem messan hafði upp á að bjóða. Það skilaði sér að mjög litlu leyti og því var ákveðið að skoða aðra nálgun. Að þessu sinni var ákveðið að bjóða foreldrum og öðrum áhugasömum að koma milli kl.14 og 16 þegar nemendur væru farnir. Þessi opnun var auglýst vel á net- og prentmiðlum en aftur var þátttaka ekki sú sem vonast var eftir. Af þessum sökum voru nokkrir kynnendur farnir að taka sig saman um kl. 15 og flestir farnir kl. 16. Til þess að rýna aðeins í þetta var ákveðið að spyrja sérstaklega um það í könnuninni, hvort fólki fyndist almennt að það ætti að reyna áfram að fá foreldra og almenning til þess að mæta og þá hvernig. Niðurstaðan var sú að meirihluti svarenda vildi reyna áfram að fá þennan hóp á messuna en skoða þarf betur hvernig að því yrði staðið.

Árangursmælikvarðar innan grunn- og framhaldsskólanna

Eitt af því sem mikil áhersla var lögð á við uppgjör Starfamessunnar 2017 var að vinna enn betur með grunnskólunum að undirbúningi fyrir messuna. Með það að leiðarljósi hélt verkefnastjóri áðurnefndan fund með náms- og starfsráðgjöfum á Suðurlandi til þess að fara yfir möguleikana á samvinnu og í lok fundarins tilnefndu fundarmenn tvo úr hópnum til þess að taka að sér að vera tengiliðir þeirra við verkefnið, þær Arnheiði Dögg Einarsdóttur náms- og starfsráðgjafa við skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu og Klöru Öfjörð Sigfúsdóttur náms- og starfsráðgjafa við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þetta varð til þess að meiri vinna með og vitund um starfamessuna varð í flestum skólunum. Verkefnastjóri var þó áfram í sambandi við bæði kennara og stjórnendur skólanna varðandi allar upplýsingar um fyrirkomulag dagsins og annað sem máli skipti.

Í viðhorfskönnuninni sem send var á aðstandendur skólanna var svörunin minni en vonast hafði verið til en gefur þó nokkrar vísbendingar um afstöðu hópsins. Aðspurð um hversu miklu máli messan skipti fyrir sunnlenska nemendur á skalanum 1-5 þá sögðu 80% að hún skipti mjög miklu máli. Þegar sömu aðilar voru spurðir hvort þeir myndu taka þátt ef messan yrði haldin í fjórða skipti var svörunin „já“ í

100% tilvika. Þar kom líka skýrt fram að vilji væri til þess að færa messuna til móts við Íslandsmeistarakeppnina í iðngreinum til þess að koma í veg fyrir skörun.

Verkefnastjórn

Við upphaf verkefnisins efndi verkefnastjóri til fundar með tengiliðum frá helstu samstarfsaðilum; fulltrúa Atorku, fulltrúa FSu og fulltrúa grunnskólanna. Að þessu sinni var verkefnastjóri að mestu einn með umsjón en hafði til liðs við sig tengiliðina áðurnefndu. Þar sem gott verklag hafði verið mótað við síðustu starfamessu var margt einfaldara að þessu sinni en engu að síður er þetta mikið verkefni og vill verkefnastjóri mælast til þess að verkefnið verði mannað amk tveimur verkefnastjórum – hugsanlega í minna hlutfalli hvor um sig – til þess að halda utanum verkefnið líkt og var fyrir messuna 2017. Til marks um það sinnti tengiliður FSu, sem jafnframt er FabLab stjóri Selfoss smiðjunnar, t.d. mörgum verkum umfram það sem hans hlutverk sem tengiliður ætlaðist til.

Kostnaður við verkefnið

Útlagður kostnaður við verkefnið að þessu sinni var um 280.000 kr auk þess sem SASS og Strætó gerðu með sér samning um að fjölga sætum í strætó til og frá Hvolsvelli til þess að ferja nemendur þaðan. Er lækkun kostnaðar við verkefnið helst til komin vegna þess að ákveðið var að sleppa því að leigja sýningarkerfi fyrir kynnendur þar sem ekki þótti ástæða til þess í því rými sem Hamar býður uppá.

Vinna verkefnastjóra var um 290 stundir auk þess sem framkvæmdastjóri HfSu vann um 70 stundir í verkefninu og er heildar launakostnaður því samtals 2.620.800kr. Áætla má að heildarvinna tengiliða hafi að sama skapi verið um 100 tímar.

Að lokum

Við undirbúning messunnar 2019 fengust þær upplýsingar frá umsjónarmönnum námsbrauta í iðn-, verk- og tæknigreinum að greina mætti töluverða aukningu á aðsókn í áðurnefndar greinar. Átti þetta sérstaklega við um málmiðngreinar, húsasmíði og rafgreinar en einnig grunnám bygginga- og mannvirkjagreina og í framhald af grunnnámi rafiðna. Gera þeir jafnframt ráð fyrir því að þessir nemendur skili sér áfram í sunnlensk fyrirtæki. Ekki eru tiltækar tölur fyrir haustið 2019 þar sem umsóknarferlið er enn í gangi en fróðlegt verður að skoða þær tölur með haustinu. Eins og áður sagði töldu um 70% svarenda að starfamessan hefði leitt til aukinnar aðsóknar í áðurnefndar greinar en um 28% sögðust ekki vissir.

Margt hefur jafnframt gerst í umhverfi greinanna sem snýr að menntamálum. Málþing um stöðu greinanna var haldið á vordögum en þangað mættu með erindi fulltrúar háskólanna, atvinnulífsins sem og fulltrúi verkgreina í FSu. Þar var skýrt frá þróun og mótun náms á fagháskólastigi sem hugsað er sem einskonar brú milli verknáms og háskólanáms. En því málþingi verða gerð betri skil í sérstakri skýrslu eins og áður hefur komið fram.

Þegar rætt er um framtíð Starfamessu Suðurlands þarf að horfa til þess hvort hægt sé á einhvern hátt að gera hana sjálfbæra, þ.e. ekki háða því að fá fjármagn úr sjóði Sóknaráætlunar Suðurlands til þess að verða haldin. Í því samhengi mætti líta til þess að búið er að móta mjög skýra verkáætlun sem hægt er að vinna eftir og endurtaka messu eftir messu, með þeim uppfærslum sem við eiga hverju sinni. Jafnframt er búið er að vinna tengiliða stefnu/skrá og er verkaskipting þannig skýr. Tekist hefur að ná útlögðum kostnaði niður en þar fyrir utan er kostnaðurinn fyrst og fremst fólgin í launakostnaði verkefnastjóra. Vel mætti hugsa sér að sveitarfélögin sjálf taki að sér að ráða verkefnastjóra til þess að halda utanum verkefnið og að hvert þeirra leggi til greiðslu sem hlutfall af nemendafjölda síns sveitarfélags en áætla mætti að verkefnið kosti um 3-3.500.000kr í heildina.

Hver sem niðurstaða um framtíðina verður er víst að messan hefur náð að festa sig í sessi meðal bæði sunnlenskra atvinnurekenda í iðn-, verk- og tæknifyrirtækjum, og nemenda/kennara í grunn- og framhaldsskólum á Suðurlandi og er það mat núverandi verkefnastjóra að það væri mikil synd ef henni yrði ekki haldið áfram.

Ingunn Jónsdóttir

Verkefnastjóri Starfamessu Suðurlands 2019

STARFAMESSA

Í tilefni þess að þriðju Starfamessunni er lokið var send út spurningakönnun til þess að heyra upplifun bæði kynnendanna/fyrirtækjanna og aðstandenda grunnskólanna/kennara, stjórnenda og náms- og starfsráðgjafa.

Í könnununum gafst þátttakendum tækifæri á að tjá skoðun sína í opnum svörum auk þess sem þar var beðið um afstöðu þeirra varðandi nokkra þætti messunnar.

Könnunina og niðurstöður hennar má lesa hér að neðan.

Spurningakönnun sem lögð var fyrir kynnendur / fyrirtæki
svörun: 28 aðilar

Spurning 1

Q1

Heldurðu að Starfamessurnar hafi almennt leitt til aukinnar aðsóknar í iðn-, verk- og tækninám?

Answered: 28 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	67.86%	19
Nei	3.57%	1
Veit ekki	28.57%	8
TOTAL		**28**

Spurning 2

Q2

Finnur þú fyrir auknum áhuga á þinni grein eftir þátttöku í Starfamessunni

Answered: 28 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	35.71%	10
Nei	32.14%	9
Veit ekki	32.14%	9
TOTAL		28

Comments (2)

Comments (2)

En það er klárlega aukning nemaenda í minni grein eftir að farið var markvisst að kynna fyrir ungu fólki, hvað iðnnám hefur upp á að bjóða

4/15/2019 1:07 PM

Ekki mikil áhugi á minni grein þrátt fyrir messuna

4/15/2019 12:41 PM

Spurning 3

Q3

Sérðu fyrir þér að taka aftur þátt í Starfamessunni ef hún yrði haldin í fjórða skipti?

Answered: 28 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	92.86%	26
Nei	0.00%	0
Veit ekki	7.14%	2
TOTAL		**28**

Spurning 4

Q4

Á skalanum 1-5, hversu miklu máli finnst þér skipta að starfamessan sé opin fyrir almenning?

Answered: 28 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
1 (mjög litlu)	14.29%	4
2	10.71%	3
3	25.00%	7
4	28.57%	8
5 (mjög miklu)	21.43%	6
TOTAL		28

Comments (11)

Comments (11)

Ég tel mikilvægt að foreldrar þeirra barna sem mætingaskyldu hafa á starfamessuna séu vel upplýstir um að hún sé haldin og að þeim sé heimilt að mæta. Einnig að þessir sömu foreldrar viti hver tilgangurinn með starfamessunni sé.

5/6/2019 9:14 AM

Það skiptir nokkuð miklu máli og er ákveðið tækifæri til kynna fyrirtækin fyrir almenningi. Það virðist þó hafa verið mjög lítil aðsókn og það þyrti að finna leiðir til þess að bæta úr því. Í því samhengi mætti skoða betri tímasetningu og kynningu. Það virtust fáir vita af þessu.

5/2/2019 12:17 PM

Það má velta fyrir sér hvort starfamessan sé of oft annað hvert ár, Hugsanlega væri betra að hafa sýninguna í einu rými eins og fyrst var gert í aðalbyggingu skólans

4/29/2019 10:40 PM

Spurning 4 framh.

Q4

Á skalanum 1-5, hversu miklu máli finnst þér skipta að starfamessan sé opin fyrir almenning?

Answered: 28 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
1 (mjög litlu)	14.29%	4
2	10.71%	3
3	25.00%	7
4	28.57%	8
5 (mjög miklu)	21.43%	6
TOTAL		28

Comments (11)

Comments (11)

Ég tel mikilvægt að foreldrar þeirra barna sem mætingaskyldu hafa á starfamessuna séu vel upplýstir um að hún sé haldin og að þeim sé heimilt að mæta. Einnig að þessir sömu foreldrar viti hver tilgangurinn með starfamessunni sé.

5/6/2019 9:14 AM

Það skiptir nokkuð miklu máli og er ákveðið tækifæri til kynna fyrirtækin fyrir almenningi. Það virðist þó hafa verið mjög lítil aðsókn og það þyrti að finna leiðir til þess að bæta úr því. Í því samhengi mætti skoða betri tímasetningu og kynningu. Það virtust fáir vita af þessu.

5/2/2019 12:17 PM

Það má velta fyrir sér hvort starfamessan sé of oft annað hvert ár, Hugsanlega væri betra að hafa sýninguna í einu rými eins og fyrst var gert í aðalbyggingu skólans

4/29/2019 10:40 PM

Spurning 4 framh.

Q4

Á skalanum 1-5, hversu miklu máli finnst þér skipta að starfamessan sé opin fyrir almenning?

Answered: 28 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
1 (mjög litlu)	14.29%	4
2	10.71%	3
3	25.00%	7
4	28.57%	8
5 (mjög miklu)	21.43%	6
TOTAL		28

Comments (11)

Comments (11)

nauðsynlegt að hafa hana opna til kl 18 þannig að vinnandi fólk geti komist. það kemur ekki milli 14-16

4/29/2019 12:33 PM

Fannst eins og almenningur vissi ekki nógu vel af þessu. Einnig var starfamessan á þannig tíma að erfitt var fyrir vinnandi fólk að koma og skoða.

4/29/2019 12:29 PM

Þurfum að ná að trekkja almenning og foreldra þá sérstaklega inn á þessa kynningu. Foreldrar eru að hafa ótrúlega mikil áhrif á krakkana með námsval. Starfamessan er náttúrulega á vinnutíma almennings.

4/24/2019 11:10 AM

móttaka nemanda

4/16/2019 8:14 AM

Spurning 4 framh.

Q4

Á skalanum 1-5, hversu miklu máli finnst þér skipta að starfamessan sé opin fyrir almenning?

Answered: 28 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
1 (mjög litlu)	14.29%	4
2	10.71%	3
3	25.00%	7
4	28.57%	8
5 (mjög miklu)	21.43%	6
TOTAL		28

Comments (11)

Comments (11)

Það þarf bara að vera betri tímasetning fyrir almenning, flestir að vinna til kl.16

4/16/2019 7:26 AM

Myndi breyta opnunartímanum í 12 til 18 og hafa þá opið fyrir almenning á milli 16 og 18.

4/15/2019 2:29 PM

Mér finnst það skipta mjög miklu ef að þetta er að kvöldi til eða um helgi. Mun minna máli skiptir það ef það er á virkum degi milli 14 og 16 þegar flestir sem hafa áhuga á að koma, eru enn að vinna.

4/15/2019 1:07 PM

Aðal traffíkin var á milli 10 og 14 eftir það var húsið nánast tómt. Athuga að hafa bara á milli 10 og 14

4/15/2019 12:38 PM

Spurning 5

Q5

Hvað ertu sáttastur við varðandi Starfamessuna?

Answered: 20 Skipped: 8

Hvað fyrirtæki eru almennt með flottar kynningar.

5/6/2019 1:03 PM

Ég er mest sáttur framtakið sem slíkt, að slíkur viðburður sé haldinn og að fólk og fyrirtæki á svæðinu sjái sér fært að taka þátt.

5/6/2019 9:14 AM

Almennt frábært framtak og vel að því staðið.

5/2/2019 12:17 PM

allt

5/2/2019 10:30 AM

Spurning 5 framh.

Hvað ertu sáttastur við?
Framhald:

Tengingu við skólann

4/29/2019 10:40 PM

Fjölbreytni

4/29/2019 10:31 PM

Þátttöku fyrirtækja af svæðinu

4/29/2019 1:18 PM

Ratleik. fjölbreytileika.

4/29/2019 12:33 PM

Spurning 5 framh.

Hvað ertu sáttastur við?
Framhald:

Áhugann hjá ungmennunum og skipulagið er gott. Virkaði vel að vera með þetta í Hamri, dreifingin var góð.

4/24/2019 11:10 AM

Frumkvæðið og þátttökuna almennt.

4/24/2019 10:56 AM

Allan þann fjölda grunnskólanema sem mætir á svæðið og þá fjölbreytni sem er til sýnis.

4/19/2019 10:28 AM

Að fá tækifæri til að kynna ðin og verknám sem einn af möguleikunum til að velja sér starfsvettfang

4/17/2019 11:39 AM

Spurning 5 framh.

Hvað ertu sáttastur við?
Framhald:

Hún var fín held ég

4/16/2019 8:14 AM

Hvað þátttakendur eru duglegir við að finna upp á einhverju sniðugu til að sýna og láta krakkana gera

4/16/2019 7:26 AM

Allt

4/15/2019 3:59 PM

Spurning 5 framh.

Hvað ertu sáttastur við?
Framhald:

Fjöldi fyrirtækja sem koma með kynningar er talsverður. Það skiptir miklu máli fyrir krakkana að sjá sem flest störf.

4/15/2019 1:25 PM

Umgjörðin var virkilega góð sem og áhugi þeirra frábæru fyrirtækja sem tóku þátt og lögðu mikið í þetta. Spurningalistinn fyrir nemendur var sniðugur.

4/15/2019 1:07 PM

hamborgarana :) en almennt gott upplýsingaflæði og skipulag. Mjög skemmtilegur leikurinn sem krakkarnir voru með í símunum. Léttur og skemmtilegur dagur

4/15/2019 12:56 PM

Utanumhald skipuleggjenda og fjölbreytileiki fyrirtækja

4/15/2019 12:41 PM

Spurning 6

Q6

Hvað finnst þér að mætti betur fara?

Answered: 21 Skipped: 7

Tímalengdin, finnst aðeins of langt að hafa þetta alveg frá 10-16. Mér fannst skemmtilegra þegar öll fyrirtækin voru inni í Odda, þó að vissulega hafi það líka kannski verið svolítill hávaði og margt um manninn á litlu svæði. Allt spurning um hvað er mikilvægast. Ég get bara svarað út frá minni upplifun. En þá sá maður betur hversu margir mættu og gat frekar spjallað við aðra fyrirtækjaeigendur en samt fylgst með sínum bás.

5/6/2019 1:03 PM

Ég sakna þess að sjá ekki sunnlenska byggingaverktaka á messunni.

5/6/2019 9:14 AM

Erfitt hùsnæði að halda kynningar ì fyrir suma aðila.

5/3/2019 11:22 AM

Spurning 6 framh.

Hvað mætti betur fara?
Framhald:

Mætti enduskoða tímastjórnun og álagsdreifingu á sýningardegi. Auka kynningu í fjöl- og samfélagsmiðlum. Leita leiða til þess að auka þáttöku foreldra og almennings.

5/2/2019 12:17 PM

mætti huga betur að þeim sem eru á básunum í mat

5/2/2019 10:30 AM

Að nemendur séu upplýst betur fyrir starfamessu

4/29/2019 10:31 PM

Þetta er bara vel uppsett og jákætt

4/29/2019 1:18 PM

Spurning 6 framh.

Hvað mætti betur fara?
Framhald:

Aukið samstarf frá skólanum, t.d í rafiðnaðargreinum. lítill áhugi kennara og enginn endurgjöf frá þeim.

4/29/2019 12:33 PM

Þéttara á milli fyrirtækja (ekki dreift um alla ganga), nánari (og ekki of augljósar) spurningar um fyrirtækið í ratleiknum, hentugri tímasetning fyrir almenning, fleirri menntskælinga.

4/29/2019 12:29 PM

Ef við ætlum bara að taka á móti skólakrökkum, þá getum við stytt tímann.

4/24/2019 11:10 AM

Þjappa þessu meira á eitt svæði þannig að messan verði meira sem ein heild. Td. tjald í porti milli tré- og málmdeildar mundi gefa breiðari möguleika.

4/24/2019 10:56 AM

Spurning 6 framh.

Hvað mætti betur fara?
Framhald:

Spurning hvort það mættu vera einhvers konar móttökustjórar sem leiðbeina aðeins í gegnum svæðið meðfram ratleiknum, að grunnskólanemendurnir verði eiginlega að stoppa alls staðar og fá upplýsingu en ekki staldra bara við þar sem er matur í boði!

4/19/2019 10:28 AM

Huga betur að staðsetningu ekki vera á göngunum. Fá fyrirtækin til að útbúa spurningarnar fyrir nemendur. Byrja seinna og hafa opið fyrir foreldra t.d.16-18 mögulega yeði betri mæting þannig

4/17/2019 11:39 AM

Það er varaðndi móttöku nemanda. Spurning hvernig það er útfært??

4/16/2019 8:14 AM

Fá fleiri til að mæta

4/15/2019 3:59 PM

Spurning 6 framh.

Hvað mætti betur fara?
Framhald:

Mætti auglýsa betur í héraðsblöðunum

4/15/2019 2:29 PM

Það mætti undirbúa bæði börnin og kennarana betur þannig að ferðin verði markvissari. Að það skipti krakkana máli að koma og kynna sér vandlega það sem er í boði. Mjög mismunandi var hve vel undirbúnir hóparnir voru.

4/15/2019 1:25 PM

Mætti hafa sem flesta kynnendur í stóru rymunum og færri á göngum og í stofum. Held að það myndi gefa betra flæði fyrir gesti og engin grein/fyrirtæki yrðu út undan vegna staðsettningar.

4/15/2019 1:07 PM

tímaramminn hefði mátt vera þéttari þar sem mjög lítil aðsókn var seinni partinn.

4/15/2019 12:56 PM

opnun fyrir almenning e.kl. 14 var ekki að gera sig. Sýnendur stóðu og horfðu upp í loftið. Líklega er ekki þörf á því að hafa opið yfir almenning

4/15/2019 12:41 PM

Spurningakönnun sem lögð var fyrir aðstandendur grunnskólanna / kennara, stjórnenda og náms- og starfsráðgjafa
svörun: 15 aðilar

Spurning 1

Q1

Customize Save as

Hversu miklu máli finnst þér Starfamessan skipta fyrir nemendur sunnlenskra grunnskóla?

Answered: 15 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
1 (mjög litlu)	0.00%	0
2	6.67%	1
3	13.33%	2
4	20.00%	3
5 (mjög miklu)	60.00%	9
TOTAL		15

Comments (1)

Showing **1** response

Virkilega flott Starfamessa í ár, vel skipulögð og góð upplifun fyrir nemendur.

4/23/2019 9:43 AM

Spurning 2

Q2

Customize Save as

Finnst þér skipta máli að Starfamessan og Íslandsmeistarakeppni iðngreina séu ekki á sama árinu?

Answered: 15 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	73.33%	11
Nei	13.33%	2
Veit ekki	13.33%	2
TOTAL		15

Comments (3)

Showing **3** responses

Vont að þær skuli vera með svo stuttu millibili

4/23/2019 12:35 PM View respondent's answers Add tags

Mars- apríl er mikill uppbrotstími í skólunum, mikið um að vera og það er alltaf hættan að þessir viðburðir nýtist ekki eins og best er á kosið þegar það hittir á eins og núna að það var um mánuður á milli þeirra. Báðir viðburðirnir eru mjög mikilvægir fyrir nemendur og með því að hafa sitthvort árið þá gefst meiri tími til að t.d. sinna undirbúningsverkefnum og eins geta nemendur "melt" betur það sem þeir sjá og upplifa.

4/23/2019 9:43 AM View respondent's answers Add tags

Með því verður ákveðin samfella í náms - og starfsfræðslu í iðn-,verk- og tæknigreinum og nemendur fái tækifæri á að ræða við fólk að störfum og í námi.

4/23/2019 9:34 AM View respondent's answers Add tags

Spurning 3

Q3

Customize Save as

Finnst þér að það ætti að bjóða nemendum 8. bekkjar með á messuna?

Answered: 14 Skipped: 1



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	57.14%	8
Nei	21.43%	3
Veit ekki	21.43%	3
TOTAL		14

Comments (1)

Showing **1** response

Því fyrr því betra, algjörlega að veita nemendum í 8. bekk tækifæri á að vera með en kannski á öðrum tíma en eldri nemendur fara. Eða jafnvel hafa Starfamessu fyrir nemendur í 8-9b. Þyrfti svolítið að huga að því hvernig þetta væri útfært.

4/23/2019 9:43 AM

View respondent's answers Add tags

Spurning 4

Q4

Customize Save as

Sérðu fyrir þér að taka aftur þátt í Starfamessunni ef hún yrði haldin í fjórða skipti?

Answered: 15 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Já	100.00%	15
Nei	0.00%	0
Veit ekki	0.00%	0
TOTAL		15

Comments (1)

Showing **1** response

Finnst þetta orðinn fastur liður í því að kynna fyrir nemendum fjölbreytileika náms og starfa sem býðst hér á svæðinu sem og nágranna sveitafélögum.

4/23/2019 9:34 AM

View respondent's answers Add tags

Spurning 5

Q5

Customize Save as

Hversu miklu máli telur þú að það skipti fyrir nemendur að fá ratleik til þess að fylgja eftir á Starfamessunni?

Answered: 15 Skipped: 0



ANSWER CHOICES	RESPONSES	
1 (mjög litlu)	6.67%	1
2	13.33%	2
3	13.33%	2
4	33.33%	5
5 (mjög miklu)	33.33%	5
TOTAL		15

Comments (6)

Showing **6** responses

Það þar að vera hljóðkerfi til að koma skilaboðum til nemenda í upphafi þegar þau mæta á svæðið. Það heyrðist ekki nægilega vel í starfsmanni sem var að útskýra.

5/8/2019 4:28 PM View respondent's answers Add tags

Mjög gagnlegt fyrir þá nemendur sem nýttu sér leikinn á réttan hátt. Galli að það er auðvelt að "svindla í honum" t.d. hópur saman með marga síma og leita að rétta svarinu, þar sem það fæst uppgefið þegar svarað er rangt. Féttum af þessum "leik"

4/23/2019 12:35 PM View respondent's answers Add tags

Ratleikurinn er mjög sniðugur að því leyti að hann leiðir þau um svæðið. Eina sem mér fannst að leiknum var að nemendum mínum lá mjög á að ljúka honum og spurningarnar voru of miklar staðreyndaspurningar og ekki nóg um ályktunarspurningar. En frábært framtak sem er mikilvægt að halda áfram að þróa og vera með.

4/23/2019 10:57 AM View respondent's answers Add tags

Gott að hafa ratleikinn rafrænann.

Spurning 5 framh.

Hversu miklu máli skiptir ratleikurinn?
Framhald:

Mætti enduskoða tímastjórnun og álagsdreifingu á sýningardegi. Auka kynningu í fjöl- og samfélagsmiðlum. Leita leiða til þess að auka þáttöku foreldra og almennings.

5/2/2019 12:17 PM

mætti huga betur að þeim sem eru á básunum í mat

5/2/2019 10:30 AM

Að nemendur séu upplýst betur fyrir starfamessu

4/29/2019 10:31 PM

Þetta er bara vel uppsett og jákætt

4/29/2019 1:18 PM

Spurning 5 framh

Hversu miklu máli skiptir ratleikurinn?
Framhald:

Frábært að þau hafi val um slíkt, sniðugra fyrirkomulag á ratleiknum í ár heldur en var áður.

4/23/2019 9:43 AM View respondent's answers Add tags

Ratleikur með TurfHuntappinu heldur flestum nemendum við efnið og hvetur þau til að spyrja spurninga til að fá svör við þeim. Appið frábært og gefur svo marga möguleika!

4/23/2019 9:34 AM View respondent's answers Add tags

Spurning 6

Q6

Save as

Hvað ertu sáttastur við varðandi Starfamessuna?

Answered: 10 Skipped: 5

RESPONSES (10) WORD CLOUD TAGS (0)

Sentiments: OFF

Apply to selected Filter by tag

Search responses

Showing **10** responses

Frábært framtak sem ber að fagna.

5/13/2019 8:03 AM View respondent's answers Add tags

Þá insýn sems hún veitir nemendum í menntunarmöguleika!

5/9/2019 7:30 AM View respondent's answers Add tags

Fyrirtæki lögðu mikið í sína bása og okkur fannst takast mjög vel til. Frábært þegar nemendur fá að smakka og gera hlutina.

5/8/2019 4:28 PM View respondent's answers Add tags

Möguleika í þáttöku og hjálplar nemendum að átti sig á hvað er hægt

5/8/2019 4:27 PM View respondent's answers Add tags

Spurning 6 framh.

Hvað ertu sáttastur við?
Framhald:

Þetta er frábært framtak. Persónulega var ég hrifin af framsetningu SS

4/23/2019 12:35 PM View respondent's answers

Mér fannst mjög gott að hafa Starfamessuna á einum stað. Hún var vel uppsett og mér fannst mjög góð stemning á messunni.

4/23/2019 10:57 AM View respondent's answers

Skipulagið var mjög gott og að hafa ratleikinn rafrænan. Einnig skipulagið með hamborgarana hversu ferlið var allt sýnilegt.

4/23/2019 10:49 AM View respondent's answers

Umgjörðin, skipulagið og allt aðgengilegt og þægilegt í Hamri- mikið sem nemendur gátu prófað sig áfram með eða upplifað.

4/23/2019 9:43 AM View respondent's answers

Spurning 6 framh.

Hvað ertu sáttastur við?
Framhald:

Tókst mjög vel að hafa þetta eingöngu í Hamri

4/23/2019 9:34 AM

View respondent's answers

Gott skipulag og hversu gagnvirk hún er.

4/23/2019 9:17 AM

View respondent's answers

Spurning 7

Q7

Save as

Hvað finnst þér að mætti betur fara?

Answered: 11 Skipped: 4

RESPONSES (11) WORD CLOUD TAGS (0)

Sentiments: OFF

Apply to selected Filter by tag

Search responses

Showing **11** responses

Mjög sátt við núverandi skipulag.

5/13/2019 8:03 AM View respondent's answers Add tags

Þetta er bara að þróast í rétta átt.

5/9/2019 7:30 AM View respondent's answers Add tags

Spurning um meiri stýringu og að ákveðin starfsmaður (má vera frá heimaskóla) fylgi nemendahópi á allar stöðvar.

5/8/2019 4:28 PM View respondent's answers Add tags

fleirri tækifæri

5/8/2019 4:27 PM View respondent's answers Add tags

Spurning 7 framh.

Hvað mætti betur fara?
Framhald:

Það þarf að taka á móti hverjum hópi með markvissum hætti. Það var gert núna en ekkert heyrðist í viðkomandi

4/23/2019 12:35 PM View respondent's answers Add tags

Halda áfram að þróa ratleikinn.

4/23/2019 10:57 AM View respondent's answers Add tags

Að einhver væri í anddyrinu að taka á móti hópnum og fara yfir helstu atriði varðandi ratleikinn og skipulagið. Margir lentu í vandræðum í upphafi og ætluðu að sleppa ratleiknum af því að hann virkaði ekki strax.

4/23/2019 10:49 AM View respondent's answers Add tags

Þegar við vorum á svæðinu vantaði töluvert upp á kynningu á nokkrum stöðum. Að okkar mati var Starfamessan áhugaverðari og skemmtilegri síðast.

4/23/2019 9:52 AM View respondent's answers Add tags

Spurning 7 framh.

Hvað mætti betur fara?
Framhald:

Eins og áður hefur komið fram að Starfamessan sé ekki sama ár og íslandsmótið.

4/23/2019 9:43 AM View respondent's answers Add tags

TurfHunt datt stundum út og voru nemendur mis þolinmóðir sp. um fleiri punkta/nema.

4/23/2019 9:34 AM View respondent's answers Add tags

Ég er mjög sátt við skipulag síðustu Starfamessu - allt til fyrirmyndar. Því sem mætti breyta til þess að nemendur myndu njóta betur er að hafa messuna ekki sama ár og Íslandsmót iðn- og verkgreina - mjög mikilvægt.

4/23/2019 9:17 AM View respondent's answers Add tags